

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2068  
komudagur 21.4.2004

**Landbúnaðarnefnd Alþingis.**

**Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 með síðari breytingum**

**Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri**

**Björn Þorsteinsson, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri**

**Skjal 2.**

#### **4. Um rektor**

Í 9. gr frumvarpsins er gert ráð fyrir því að tilnefning háskólaráðs falli brott um ráðningu rektors. Ráðherra ræður rektor og rekur eftir atvikum. Rektor hefur miðað við núverandi frumvarp háskólaráð sem faglega gæti verið mjög veikt og án tengsla við stofnunina sjálfa. Með þessu fyrirkomulagi þ.e. samsetningu "háskólaráðsins" og alvaldi ráðherrans yfir rektor er stofnuninni á algeru berangri hinna pólitísku vinda á hverjum tíma og staða hennar ekki í neinu samræmi við stöðu stjálfstæðra háskóla sbr lið 3. Mikilvægt er að skýrar sé kveðið á um menntun og hæfni rektors en er í 25 gr. núverandi laga. Lágmarks menntunarkrafa til að gegna rektorsstöðu er doktorspróf og mikil reynsla af rannsóknum og öðru háskólastarfi.

#### **5. Staða rannsóknasviðs innan háskólans**

Þegar frumvörpin um breytingar á Lögum um Búnaðarfræðslu og Rannsóknir i þágu atvinnuveganna eru lesin saman virðist ljóst að ekki standi til að framkvæma fullkomna sameiningu kennslu og rannsókna í einni stofnun. Svo virðist sem rannsóknsvið háskólans eigi að vera mjög sjálfstætt enda gert ráð fyrir að ráðherra ætli sér að setja sér reglugerð um þann þátt starfseminnar. Við vörum eindregið við að rannsóknirnar séu með einhverjum hætti afmarkaðar frá öðrum viðfangsefnum stofnunarinnar vegna þess að það vinnur gegn yfirlýstum markmiðum sameiningar stofnanna sem er að fá fram samþættingu kennslu og rannsókna. Til að Landbúnaðarháskóli geti dafnað verður staða starfsmanna að vera sambærileg gagnvart þáttöku í kennslu og rannsóknum, framgangi, stöðuheitum osfrv, óháð því frá hvaða stofnun þeir koma upphaflega og hvar þeir starfa.

#### **6. Um val í háskólaráð**

Í 23 gr laga um búnaðarfræðslu sem áætlað er að fella brott segir í annari málsgrein: "tveir fulltrúar fastráðinna kennara og tveir til vara kjörnir á almennum fundi fastráðinna starfsmanna....."

Þetta þýðir í raun að fulltrúi kennara er að stórum hluta kosinn af einstaklingum sem hann er ekki fulltrúi fyrir. Þetta misræmi þarf að laga ef ákveðið verður að breyta breyta frumvarpinu i

þá átt að starfsmenn fái inn fulltrúa þannig að sá sem kosinn er sé kosinn af þeim sem hann á að vera fulltrúi fyrir en ekki af einhverjum miklu stærri hópi.

Með kveðju,

Anna Guðrún Þórhallsdóttir  
Björn Þorsteinsson